

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/5/EB

frá 27. janúar 1997

### um færslu fjármuna milli landa(\*)

#### EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álit Peningamálastofnunar Evrópu,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 22. nóvember 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umfang greiðslna milli landa fer stöðugt vaxandi þar eð stofnun innri markaðarins og sú þróun sem á sér stað í átt til fullkominnar einingar í efnahags- og peningamálum leiðir til aukinna viðskipta og ferða fólks innan bandalagsins. Færslur fjármuna milli landa eru verulegur hluti af greiðslum milli landa, bæði að umfangi og verðgildi.
- 2) Það er mikilvægt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, að geta fært fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Í samræmi við tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna Evrópubandalagsins gagnvart færslum fjármuna milli landa <sup>(4)</sup> ætti aukin samkeppni á markaðinum fyrir færslur fjármuna milli landa að leiða til betri þjónustu og lægra verðs.
- 3) Með þessari tilskipun er leitast við að stuðla að frekari framförum í þá átt að koma innri markaðinum á, einkum

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 360, 17. 12. 1994, bls. 13 og Stjtið. EB nr. C 199, 3.8. 1995, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 19. maí 1995 (Stjtið. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 370), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 1995 (OJ nr. C 353, 30. 12. 1995, bls. 52) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. mars 1996 (OJ nr. C 96, 1. 4. 1996, bls. 74). Ákvörðun ráðsins frá 19. desember 1996 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 1997.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. C 251, 27. 9. 1995, bls. 3.

að því er varðar afnám hafta á fjármagnsflutningum, til að stuðla að einingu í efnahags- og peningamálum. Ákvæði tilskipunarinnar skulu gilda um færslur fjármuna í gjaldmiðlum aðildarríkjanna og í ekum.

- 4) Í ályktun sinni frá 12. febrúar 1993 <sup>(5)</sup> fór Evrópuþingið fram á að samin yrði tilskipun ráðsins um reglur er lúta að gagnsæi og skilvirkni greiðslna milli landa.
- 5) Fjalla ber um þau málefni, sem þessi tilskipun nær til, aðskilið frá þeim kerfismálum sem eru áfram til meðferðar hjá framkvæmdastjórninni. Nauðsynlegt getur orðið að leggja fram enn eina tillögu sem fjalli um þessi kerfismál, einkum að því er varðar lokauppgjör.
- 6) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að bæta þjónustu á sviði færslu fjármuna milli landa og aðstoða þannig Peningamálastofnun Evrópu (EMI) við að gera greiðslur milli landa skilvirkari með undirbúning þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalagsins í huga.
- 7) Þessi tilskipun ætti, í samræmi við markmiðin í öðrum inngangslíð, að gilda um allar færslur fjármuna sem nema allt að 50 000 ekum.
- 8) Með hliðsjón af þriðju málsgrein 3. gr. b í sáttmálanum og með það í huga að tryggja gagnsæi er í þessari tilskipun mælt fyrir um nauðsynlegar lágmarkskröfur til að tryggja viðskiptamönnum fullnægjandi upplýsingar, bæði áður en og eftir að færsla fjármuna milli landa er afgreidd. Þessar kröfur fjalla meðal annars um ábendingar um kosti, sem viðskiptamönnum stendur til boða og lúta að kærur og bótum, og hvernig má nýta sér þá. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur um afgreiðslu, einkum að því er varðar skilvirkni, sem stofnanir, sem bjóða þjónustu á sviði færslu fjármuna milli landa, skulu uppfylla, þar með talin sú skuldbinding að færsla fjármuna milli landa skuli afgreidd í samræmi við fyrirmæli viðskiptamanns. Þessi tilskipun fullnægir skilyrðunum sem rekja má til meginreglnanna sem eru settar fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 90/109/EBE frá 14. febrúar 1990 um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármála- viðskipti milli landa <sup>(6)</sup>. Þessi tilskipun er með fyrirvara um tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að peningakerfið sé notað til peningaþvottar <sup>(7)</sup>.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. C 72, 15. 3. 1993, bls. 158.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 67, 15. 3. 1990, bls. 39.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.

9) Þessi tilskipun ætti að stuðla að því að stytta þann hámarkstíma sem færsla fjármuna milli landa tekur og vera þeim stofnunum, sem afgreiða slíkar færslur nú þegar á mjög skömmum tíma, hvatning til að halda því áfram.

2. gr.

## Skilgreiningar

10) Framkvæmdastjórninni ber, í skýrslunni sem hún leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið innan tveggja ára frá framkvæmd þessarar tilskipunar, að skoða sérstaklega frestinn sem gildir þegar sendandi og stofnun hans hafa ekki komið sér saman um ákveðinn frest, að teknu tilliti bæði til tækniþróunar og ríkjandi ástands í hverju aðildarríki.

11) Stofnanir ættu að vera endurgreiðsluskyldar ef ekki tekst að ljúka færslu fjármuna. Endurgreiðslukvöð fylgir ábyrgðarskuldbinding fyrir stofnanir sem gæti, ef tímamörk eru engin, haft áhrif á getu þeirra til að uppfylla kröfur um gjaldhæfi. Endurgreiðslukvöð ætti því að gilda um fjárhæðir allt að 12 500 ekum.

12) Ákvæði 8. gr. hafa ekki áhrif á almenn ákvæði innlendra laga um að stofnun beri ábyrgð gagnvart sendanda ef ekki tekst að ljúka færslu fjármuna milli landa vegna mistaka stofnunarinnar.

13) Nauðsynlegt er að greina á milli þeirra aðstæðna sem stofnanir, sem eiga þátt í færslu fjármuna milli landa, geta staðið frammi fyrir, meðal annars aðstæðna sem tengjast gjaldþroti og óviðráðanlegu aðstæðna. Sú skilgreining á óviðráðanlegum aðstæðum, sem sett er fram í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka <sup>(1)</sup>, skal lögð til grundvallar.

14) Þörf er á fullnægjandi og skilvirkri málsmeðferð í aðildarríkjunum, sem lýtur að kærnum og bótum, og nota má við lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli viðskiptamanna og stofnana, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru, ef unnt er.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. ÞÁTTUR

## GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

## 1. gr.

## Gildissvið

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um færslur fjármuna milli landa í gjaldmiðlum aðildarríkjanna og ekum, sem jafngilda allt að 50 000 ekum, enda hafi aðrir en þeir sem um getur í a-, b- og c-lið 2. gr. beðið um þær og lánastofnanir eða aðrar stofnanir afgreitt þær.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lánastofnun“: stofnun samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE <sup>(2)</sup>, að meðtöldum útibúum í merkingu þriðja undirliðar sömu greinar sem staðsett eru í bandalaginu og eru útibú lánastofnana með aðalskrifstofur utan bandalagsins sem annast færslur fjármuna milli landa;

b) „önnur stofnun“: einstaklingur eða lögpersóna sem annast færslur fjármuna milli landa og er ekki lánastofnun;

c) „fjármálastofnun“: stofnun samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3604/93 frá 13. desember 1993 um ákvörðun skilgreininga með tilliti til framkvæmdar banns við sérstökum aðgangsréttindum sem um getur í 104. gr. a í sáttmálanum <sup>(3)</sup>;

d) „stofnun“: lánastofnun eða önnur stofnun; að því er varðar 6., 7. og 8. gr. skulu öll útibú sömu lánastofnunar, sem eru staðsett í ýmsum aðildarríkjum og eiga þátt í færslu fjármuna milli landa, teljast sérstakar stofnanir;

e) „milliliður“: stofnun sem er hvorki stofnun sendanda né viðtakanda og á þátt í færslu fjármuna milli landa;

f) „færsla fjármuna milli landa“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki, í þeim tilgangi að hafa ákvæðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili;

g) „beiðni um færslu fjármuna milli landa“: hvers konar bein fyriræli án skilyrða sem sendandi gefur stofnun um að færa fjármuni milli landa;

h) „sendandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem leggur fram beiðni um færslu fjármuna milli landa til viðtakanda;

i) „viðtakandi“: síðasti móttakandi færðra fjármuna milli landa sem fær þá lagða inn á reikning sem hann hefur aðgang að;

j) „viðskiptamaður“: sendandi eða viðtakandi, eftir því sem við á;

k) „viðmiðunarvextir“: vextir sem eru bætur og ákveðnir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem stofnunin, sem þarf að greiða viðskiptamanninum bæturnar, er staðsett;

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 158, 23. 6. 1990, bls. 59.

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (OJ nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Stjótt. EB nr. L 332, 31. 12. 1993, bls. 4.

- l) „dagsetning samþykkis“: dagurinn sem öllum skilyrðum er fullnægt sem viðkomandi stofnun setur um afgreiðslu beiðni um færslu fjármuna milli landa og varða fullnægjandi tryggingarfé og nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að afgreiða beiðnina.

## II. ÞÁTTUR

### GAGNSÆI SKILYRÐA FYRIR FÆRSLU FJÁRMUNA MILLI LANDA

#### 3. gr.

#### Fyrirliggjandi upplýsingar um skilyrði fyrir færslum fjármuna milli landa

Stofnanir skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar fyrir núverandi og væntanlega viðskiptamenn sína um skilyrði fyrir færslum fjármuna milli landa, einnig eftir rafrænum leiðum, þar sem það á við, og í auðskiljanlegri mynd. Veita ber að minnsta kosti upplýsingar um eftirfarandi:

- hve langur tími líður, þegar viðkomandi stofnun afgreiðir beiðni um færslu fjármuna milli landa, áður en fjárhæðin er lögð inn á reikning stofnunar viðtakanda. Taka ber skýrt fram hvenær þetta tímabil hefst,
- hve langur tími líður, við móttöku færðrar fjárhæðar milli landa, áður en fjárhæðin, sem er lögð inn á reikning stofnunarinnar, er lögð inn á reikning viðtakanda,
- hvernig umboðslaun og gjöld, sem viðskiptamanni ber að greiða stofnuninni, eru reiknuð út, ásamt vöxtum þar sem það á við,
- gildisdag sem stofnunin miðar við, ef við á,
- málsmeðferðarkostir sem lúta að kærnum og bótum og viðskiptamanni standa til boða og hvernig hann getur nýtt sér slíka kosti,
- það viðmiðunargengi sem er notað.

#### 4. gr.

#### Upplýsingar að lokinni færslu fjármuna milli landa

Að lokinni færslu fjármuna milli landa eða móttöku fjármuna, sem eru færðir milli landa, skulu stofnanir veita viðskiptamönnum sínum skýrar skriflegar upplýsingar í auðskilinni mynd, einnig eftir rafrænum leiðum, þar sem það á við, nema þeir síðarnefndu hafni því beinlínis. Veita ber að minnsta kosti upplýsingar um eftirfarandi:

- með hvaða hætti viðskiptamaður getur borið kennsl á færslu fjármuna milli landa,
- upphaflega fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa,
- fjárhæð allra gjalda og umboðslauna sem viðskiptamanni ber að greiða,
- gildisdag sem stofnunin miðar við, ef við á.

Hafi sendandi tekið fram að viðtakandi skuli bera allan kostnað af færslu fjármuna milli landa eða hluta kostnaðarins skal stofnun þess síðarnefnda tilkynna honum það.

Sé fjárhæð breytt í annan gjaldmiðil skal stofnunin sem annast það tilkynna viðskiptamanni sínum um gengið sem er notað.

## III. ÞÁTTUR

### LÁGMARKSSKULDBINDINGAR STOFNANA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FÆRSLU FJÁRMUNA MILLI LANDA

#### 5. gr.

#### Sérstakar skuldbindingar stofnunar

Við færslu fjármuna milli landa samkvæmt sérstökum fyrirmælum skal stofnun gefa formlegt loforð, að beiðni viðskiptamanns, að því er varðar afgreiðslufrest færslunnar og þau umboðslaun og gjöld sem greiða ber, önnur en þau sem tengjast því gengi sem er notað, nema hún óski ekki eftir að eiga viðskipti við viðskiptamanninn.

#### 6. gr.

#### Skuldbindingar vegna þess tíma sem færslan tekur

1. Stofnun sendanda skal annast þá færslu fjármuna milli landa sem um ræðir innan þess frests sem samið hefur verið um við sendanda.

Sé umsaminn frestur ekki virtur eða hafi enginn frestur verið settur skal stofnun sendanda greiða sendanda bætur hafi féð ekki verið fært á reikning stofnunar viðtakanda fyrir lok fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt.

Í bótum felst greiðsla á vöxtum sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunurvöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá:

- lokum umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, frá lokum fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt, til
- þess dags sem féð er fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Það sama gildir þegar milliliður á sök á því að færsla fjármuna milli landa er ekki afgreidd fyrir lok umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, lok fimmta bankastarfsdags frá þeim degi sem beiðni um færslu fjármuna milli landa var samþykkt og skal milliliðurinn þá greiða stofnun sendanda bætur.

2. Stofnun viðtakanda skal hafa fé, sem er til komið vegna færslu fjármuna milli landa, til reiðu fyrir viðtakanda innan þess frests sem samið hefur verið um við hann.

Ef umsaminn frestur er ekki virtur, eða hafi enginn frestur verið settur, skal stofnun viðtakanda greiða viðtakanda bætur, hafi féð ekki verið fært á reikning hans við lok fyrsta bankastarfsdags eftir daginn sem féð var fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Í bótum felst greiðsla á vöxtum sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunarvöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá:

- lokum umsamins frests eða, hafi enginn frestur verið settur, frá lokum fyrsta bankastarfsdags eftir daginn sem féð var fært á reikning stofnunar viðtakanda, til
  - þess dags sem féð er fært á reikning viðtakanda.
3. Ekki skal greiða bætur samkvæmt 1. og 2. mgr. ef stofnun sendanda eða stofnun viðtakanda, eftir því sem við á, getur sýnt fram á að sendandi eða viðtakandi, eftir því sem við á, eigi sök á töfinni.
  4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eru alfarið með fyrirvara um önnur réttindi viðskiptamanna og stofnana sem hafa átt þátt í að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa.

#### 7. gr

##### **Skuldbinding þess efnis að færa fjármuni milli landa í samræmi við fyrirmæli**

1. Eftir daginn sem beiðni um færslu fjármuna milli landa er samþykkt er stofnun sendanda, öllum milliliðum og stofnun viðtakanda skylt, hverjum og einum, að afgreiða heildarfjárhæð umræddrar færslu, nema sendandi hafi tiltekið að viðtakandi skuli bera allan kostnað af færslunni eða hluta hans.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um ráðrúm stofnunar viðtakanda til að leggja gjald á viðtakanda fyrir umsýslu vegna reiknings hans í samræmi við viðeigandi reglur og venjur. Stofnuninni er þó óheimilt að nota þessi gjöld til að víkja sér undan þeim skyldum sem felast í fyrrnefndri undirgrein.

2. Með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar er stofnun sendanda skylt, ef hún eða milliliður hefur dregið af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa gagnstætt ákvæðum 1. mgr., að yfirfæra til viðtakanda, að beiðni sendanda, fjárhæðina sem var dregin frá, án nokkurs frádráttar og á eigin kostnað, nema sendandi fari fram á að fjárhæðin verði færð á reikning hans sjálfs.

Milliliður, sem hefur dregið frá gagnstætt ákvæðum 1. mgr., skal færa fjárhæðina sem var dregin frá, án nokkurs frádráttar og á eigin kostnað, til stofnunar sendanda eða, ef stofnun sendanda fer fram á það, til viðtakanda fjármunanna sem eru færðir milli landa.

3. Eigi stofnun viðtakanda sök á því að sú skylda að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa í samræmi við fyrirmæli sendanda er ekki uppfyllt, og með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar, ber stofnun viðtakanda að leggja, á eigin kostnað, allar fjárhæðir, sem hafa ranglega verið dregnar frá, inn á reikning viðtakanda.

#### 8. gr

##### **Endurgreiðslukvöð á stofnunum ef færsla er ekki afgreidd**

1. Ef réttar fjárhæðir eru ekki færðar á reikning stofnunar viðtakanda eftir að stofnun sendanda hefur samþykkt beiðni um færslu fjármuna milli landa, og með fyrirvara um aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar, skal stofnun sendanda leggja færslufjárhæðina inn á reikning sendanda, allt að 12 500 ekur, auk:
  - vaxta sem eru reiknaðir út með hliðsjón af viðmiðunarvöxtum af fjárhæð þeirra fjármuna sem eru færðir milli landa fyrir tímabilið frá dagsetningu beiðni um færslu fjármuna milli landa fram að dagsetningu innlagnar á reikning, og
  - gjalda sem sendandi hefur greitt í tengslum við færslu fjármunanna milli landa.

Þessar fjárhæðir skulu hafðar til reiðu fyrir sendandann innan fjórtán bankastarfsdaga frá dagsetningu beiðni hans, nema fé sem samsvarar færslunni milli landa hafi í millitíðinni verið fært á reikning stofnunar viðtakanda.

Þessháttar kröfu er óheimilt að gera fyrr en fresturinn er útrunninn, sem stofnun sendanda og sendandi sömdu um, til að afgreiða beiðnina um færslu fjármuna milli landa eða, sé ekki um slíkan frest að ræða, fyrir lok frestsins sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.

Eins ber hverjum millilið, sem hefur samþykkt beiðnina um færslu fjármuna milli landa, skylda til að endurgreiða stofnuninni, sem gaf milliliðnum fyrirmæli um að afgreiða beiðnina, færslufjárhæðina úr eigin sjóðum, þar með talinn tengdan kostnað og vexti. Hafi færslu fjármuna milli landa ekki verið lokið vegna mistaka eða skorts á upplýsingum í þeim fyrirmælum sem fyrrnefnd stofnun gaf skal milliliðurinn leitast við að endurgreiða færslufjárhæðina eftir því sem unnt er.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ber stofnun viðtakanda, ef færslu fjármuna milli landa var ekki lokið vegna þess að milliliður sem stofnunin valdi afgreiddi ekki færsluna, skylda til að hafa fjárhæðina til reiðu fyrir viðtakandann, allt að 12 500 ekur.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stofnun sendanda og aðrar hlutaðeigandi stofnanir leitast við að endurgreiða færslufjárhæðina, eins og þeim er frekast unnt, ef færslu fjármuna milli landa var ekki lokið vegna mistaka eða skorts á upplýsingum í þeim fyrirmælum sem sendandinn gaf stofnun sinni eða vegna þess að milliliður, sem sendandi valdi sérstaklega, afgreiddi ekki færsluna.

Hafi stofnun sendanda endurheimt fjárhæðina ber henni skylda til að leggja hana inn á reikning sendanda. Í því tilviki ber stofnunum, einnig stofnun sendanda, ekki skylda til að endurgreiða áfallin gjöld og vexti og er heimilt að draga frá kostnað vegna endurheimtar sé hann tilgreindur.

#### 9. gr.

#### Óviðráðanlegar aðstæður

Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 91/308/EBE skal leysa stofnanir, sem eiga þátt í að afgreiða beiðni um færslu fjármuna milli landa, undan þeim kvöðum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, geti þær borið fyrir sig óvenjulegar aðstæður, sem tengjast ákvæðum þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. afbrigðilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem viðkomandi fær ekki ráðið við og ekki hefði verið unnt að komast hjá þrátt fyrir ákafa viðleitni í þá átt.

#### 10. gr.

#### Lausn deilumála

Aðildarríkin skulu sjá til þess að vöð sé á fullnægjandi og skilvirkri málsmeðferð sem lýtur að kærnum og bótum og nota má við lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli sendanda og stofnunar hans eða viðtakanda og stofnunar hans, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru, ef unnt er.

#### IV. ÞÁTTUR

#### LOKAÁKVÆÐI

#### 11. gr.

#### Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. ágúst 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

#### 12. gr.

#### Skýrsla til Evrópuþingsins og ráðsins

Framkvæmdastjórninni ber, eigi síðar en tveimur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, ásamt tillögum um endurskoðun hennar þar sem það á við.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem ríkja í hverju aðildarríki og þeirrar tæknilegu þróunar sem átt hefur sér stað skal skýrslan fjalla sérstaklega um frestinn sem settur er fram í 1. mgr. 6. gr.

**13. gr.****Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**14. gr.****Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J. M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**G. ZALM**

forseti.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS, RÁÐSINS OG  
FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin gera sér ljósan vilja aðildarríkjanna til að hrinda í framkvæmd lögum, reglugerðum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru nauðsynleg til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1999.